

1792

Fimmtudaginn 12. nóvember 1992.

Nr. 242/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Bergi Þór Rögnvaldssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Sýkna. Verjandi. Málsvarnarlaun.
Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1992 á hendur ákærða og skipuðum verjanda hans í héraði, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómslögmanni. Er af ákærvalds hálfu krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar svo og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101., sbr. 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Enn fremur er þess krafist, „að málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði komi til endurskoðunar til lækkunar og þá samsvarandi endurgreiðslu og/eða skipaður verjandi í héraði sæti ex officio viðurlögum samkvæmt 187. eða 188. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. nú 161. og 162. gr. laga nr. 19, 1991“.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns er þess aðallega krafist, að kröfum ákærvalds, að því er hann varðar, verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um ákvörðun málsvarnarlauna. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar „úr hendi embættis ríkissaksóknara í þessum þætti málsins“.

I.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Verulega ber á milli í frásögnum þeirra, sem komið hafa fyrir dóm í málinu. Annars vegar er samhljóða framburður lögreglumannanna tveggja, er höfðu afskipti af ákærða, en þeir bera, að þeir hafi haft bifreið ákærða í auglýsningu, frá því að hún var stöðvuð og þar til er þeir komu að

henni, og hafi enginn yfirgefið hana á þeim tíma. Hins vegar er framburður ákærða og fimm vitna, sem segjast hafa verið með honum í bifreiðinni, að annar maður en ákærði hafi ekið bifreiðinni, og hafi sá yfirgefið hana. Jafnframt kom fram hjá sumum vitnanna, að ekki hefði verið sjónlína milli bifreiðar ákærða og lögreglubifreiðarinnar allan tímann, eftir að hin fyrrnefnda var stöðvuð.

Frumrannsókn máls þessa var verulega ábótavant. Enginn reki var að því gerður að sannreyna frásögn ákærða um ökumann, en samkvæmt framskýrslu lögreglunnar sagði hann strax á vettvangi, að maður að nafni Páll hefði ekið, en farið út úr bifreiðinni. Af framburði lögreglumannanna og fleiri vitna má einnig ráða, að nokkur mannsöfnuður hafi verið á ferð á veginum, þar sem bifreið ákærða var ekið og hún síðan stöðvuð. Var ærin ástæða til þess, að lögreglumennirnir hlutuðust til um öflun upplýsinga á vettvangi, þar á meðal um nöfn vitna, sem unnt hefði verið að yfirheyra, á meðan ákærði var í haldi lögreglunnar.

Sá galli er og á dómsmeðferð málsins, að við vettvangsgöngu dómara var enginn viðstaddur af hálfu ákærða. Þykir ekki unnt að byggja á einhliða lýsingu lögreglumannanna á vettvangi, meðal annars um það, hvar bifreið ákærða stóð.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða. Samkvæmt því ber að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

II.

Ákærða var skipaður verjandi í málinu 20. janúar 1992, enda hafði hann fyrst komið á framfæri ósk um slíkt 16. sama mánaðar. Áður hafði hann lýst yfir því, að hann óskaði ekki skipunar verjanda, og var hann þá yfirheyrður um sakarefnið. Einnig höfðu lögreglumennirnir tveir verið yfirheyrðir fyrir dómnum á dómþingi, sem háð var á lögreglustöðinni á Selfossi 16. janúar, án þess að mætt væri af hálfu ákærða, en honum hafði verið send boðun með símskeyti dómara. Fór dómari á vettvang sama dag með lögreglumönnum tveimur og þingvotti.

Eftir að Róbert Árni Hreiðarsson héraðsdómslögmaður var skipaður verjandi ákærða, var þinghald háð tvisvar, þar sem vitni voru

yfirheyrð, þ. e. 30. janúar og 12. febrúar 1992. Hvort tveggja þinghaldið sótti fulltrúi lögmannsins, Gunnar Viðar lögfræðingur, fyrir hans hönd. Munnleg vörn í málinu var flutt á dómþingi 18. mars 1992, og flutti hinn skipaði verjandi hana sjálfur.

Telja verður, að ákæruvaldinu hafi verið heimil kröfugerð fyrir Hæstarétti gagnvart skipuðum verjanda ákærða í héraði, sbr. 3. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974. Verður því ekki fallist á kröfu Róberts Árna Hreiðarssonar um frávísun kröfu ríkissaksóknara á hendur honum.

Fallast má á það með ríkissaksóknara, að miðað við framlag hins skipaða verjanda við meðferð málsins í héraði og venju um ákvörðun málsvarnarlauna sé fjárhæð sú, er héraðsdómari ákvarðaði verjandanum, í hærra lagi. Ekki þykir þó næg ástæða til að hnekkja þessari ákvörðun.

Svo sem fyrr segir, lét hinn skipaði verjandi í héraði fulltrúa sinn vera við vitnayfirheyrslur í málinu, er fram fóru eftir skipun hans, en mætti fyrst sjálfur við flutning munnlegrar varnar. Yfirheyrsla vitna er að jafnaði þáttur í flutningi máls. Skipun verjanda er persónubundin, og er honum skylt að annast sjálfur flutning málsins. Verður því að finna að því, sbr. XI. kafla laga nr. 74/1974, sbr. nú 41. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að verjandinn rækti ekki skyldur sínar að þessu leyti. Bar dómara málsins að grípa hér í taumana.

Ekki þykja efni til að taka til greina kröfu Róberts Árna Hreiðarssonar um málskostnað sér til handa úr hendi ríkissaksóknara.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðabæjar 1. apríl 1992.

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 21. nóvember 1991, á hendur Bergi Þór Rögvaldssyni, kt. 050664-6949, Faxatúni 19, Garðabæ, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 23. júní 1991 undir

áhrifum áfengis bifreiðinni R-63966 stuttan spöl í landi bæjarins Öndverðarness í Grímsnesi í Árnessýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til mildustu löglegu refsingar. Krafist er málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs, jafnt í aðalkröfu sem varakröfu, að mati réttarins, þ. m. t. virðisaukaskattur. Dráttarvaxta er krafist á dæmda málflutningsþóknun skv. vaxtalögum.

Málsatvik.

Helgina 22.-23. júní 1991 var margt fólk í sumarbústöðum og tjöldum í landi Öndverðarness og þar í grennd. Ákærði var þessa helgi gestur í sumarbústað í Öndverðarnesi ásamt Kristínu Kristjánsdóttur, þáverandi unnustu sinni. Laugardagskvöldið 22. júní og eitthvað fram eftir nóttu sunnudagsins var haldinn dansleikur í hlöðu á Öndverðarnessbæ. Ákærði var þar ásamt unnustu sinni. Hafði hann umráð yfir bifreiðinni R-63966, af tegundinni Volkswagen Golf, eign bróður síns.

Um kl. 4.00 á sunnudagsmorgun voru tveir lögreglumenn úr lögreglunni í Árnessýslu á eftirlitsferð um Öndverðarnessland, þeir Hlöðver Magnússon, nr. 1, og Guðmundur Sigurðsson, nr. 18. Þeir óku lögreglubíl eftir veginum í átt heim að bænum. Segir svo í frumskýrslu, sem Hlöðver ritaði: „Er við vorum staddir á veginum heim að Öndverðarnesi í Grímsnesi, veittum við athygli bifreiðinni R-63966, sem ekið var á móti okkur. Á hæðarbrún skammt frá var bifreiðin stöðvuð úti í vegkanti, ljósin slökkt og aflvél tekin úr gangi. Við fylgdumst með bifreiðinni og fólkinu, sem í henni var, og sátu allir í sætum sínum, er við komum að henni. Í öikumannssæti nefndrar bifreiðar sat Bergur Þór Rögnvaldsson, og er við ræddum við hann, fundum við greinilegan áfengisþef leggja frá vitum hans.“

Lögreglumennirnir fluttu ákærða á lögreglustöðina á Selfossi, og tók Guðjón Axelsson aðstoðarvarðstjóri þar af honum skýrslu. Síðan var hann færður til blóðsýnistöku og að því loknu vistaður í fangaklefa fram á síðdegðið. Alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu sýndi alkóhólmagn í blóði 1,76‰.

Ákærði neitaði þegar við handtöku að hafa ekið bifreiðinni, sagði, að maður að nafni Páll hefði gert það, en hann hefði farið úr bifreiðinni til að útvega áfengi. Hið sama bar hann fyrir aðstoðarvarðstjóra og enn í skýrslu, sem tekin var af honum síðla sunnudagsins.

Bifreiðin, sem ákærði sat í, þegar lögreglumenn komu að honum, var troðfull af fólki. Lögreglumennirnir höfðu ekki tal af neinum þar á staðnum nema ákærða.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði hefur margneitað því bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreiðinni R-63966 umrætt sinn. Hann skýrði svo frá, að hann hefði farið af dansleiknum á fjórða tímanum á sunndagsnóttina. Fyrir utan hlöðuna hefði hann hitt margt fólk. Það hefði vantað vín. Til hefði staðið að halda „party“ í sumarbústaðnum. Í skýrslu lögreglu, sem tekin var af honum síðdegis 23. júní, segist hann ekki hafa þekkt þetta fólk, en hér fyrir dómi rifjaði hann upp nöfn nokkurra manna. Ákærði kvaðst hafa viljað ganga heim, ef enginn væri án áfengisáhrifa. Leiðin hefði verið stutt, u. þ. b. sjö mínútna gangur. Hann hefði þá verið orðinn verulega drukkinn. Þá hefði skotið upp kollinum ökumaður, sem ákærði kvaðst engin deili vita á, nema hvað hann hefði heyrt hann nefndan Palla. Palli þessi hefði síðan ekið bifreiðinni. Á leiðinni hefði ökumaður þessi ætlað að útvega áfengi. Í því skyni hefði hann stöðvað bifreiðina, tekið með sér bíllyklana og farið í átt að tjöldum þar nærri. Þar sem þröngt hefði verið í bifreiðinni, hefði hann (ákærði) þá sest í öikumannssætið. Þá hefði hann séð lögreglubifreiðina í fjarlægð, og hefði hún þá átt eftir að fara upp tvær hæðir til að komast að bifreiðinni R-63966. Hann kvaðst hafa sagt lögreglumönnum, að ökumaður hefði hlaupið aðeins frá bifreiðinni í nálægt tjald og að hann kæmi, ef þeir biðu aðeins.

Lögreglumennirnir Hlöðver Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hafa báðir gefið skýrslu fyrir lögreglu og síðar hér fyrir dómi. Bar þeim saman um að hafa séð bifreiðinni R-63966 ekið á móti lögreglubílnum, að hún hefði verið stöðvuð úti í vegkanti eða hægra megin á veginum. Þeir báru, að eftir að bíllinn var stöðvaður, hefðu þeir getað séð, ef einhver hefði farið út úr bílnum eða inn í hann, og einnig, að þeir hefðu getað séð, ef fólk inni í bílnum hefði skipt um sæti. Þá bar þeim saman um, að fólk hefði drifið að lögreglubílnum, eftir að ákærði var færður yfir í hann. Það hefði verið með æsing og þeir lögreglumennirnir því talið réttast að hverfa af svæðinu.

Vitnið Hlöðver bar, að fólksbíllinn hefði verið í á að giska 100-200 m fjarlægð frá lögreglubílnum, þegar honum var ekið út á vegkant á hæðarbrún, ljós slökkt, og þegar þeir lögreglumennirnir hefðu komið að, hefði verið búið að drepa á vélinni. Fólksbíllinn hefði farið í hvarf í lægð einu sinni, eftir að þeir sáu hann fyrst, en ekki eftir að hann var stöðvaður í vegkantinum, og frá því hefðu þeir fylgst vel með honum. Vitnið treystist ekki til að segja til um, hve margt manna hefði verið í bílnum, en sagði, að það hefði verið setið aftur í og frammi í.

Vitnið Guðmundur kvaðst halda, að fólksbíllinn hefði verið í 200-300 m fjarlægð frá lögreglubifreiðinni, þegar þeir sáu hann fyrst. Hann hefði horfið örskotsstund, en síðan komið upp á hæð og verið stöðvaður hægra megin á veginum. Þá hefði verið mjög stutt á milli bíla, líklega 15-20 m.

Eftir ábendingu ákærða hafa komið fyrir dóm sem vitni Kristín Kristjánsdóttir, kt. 241070-2989, Dána Bjarnadóttir, kt. 010569-5839, Hilmar Viðarsson, kt. 291270-5739, Unnar Þór Gunnarsson, kt. 110168-5519, og Ingibjörg Bjarnadóttir, kt. 191070-4619.

Þessi vitni báru öll, að þau hefðu verið á hlöðuballinu og farið af því í bifreiðinni R-63966 með ákærða. Þeim bar saman um, að ákærði hefði ekki ekið bifreiðinni. Ekkert þeirra kunni nein skil á öikumanni. Þau voru samsaga um, að ökumaður hefði stöðvað bílinn á leiðinni af dansleiknum, hann hefði farið úr bílnum til að útvega áfengi í tjöldum þar nærri. Bílstjórinn hefði ekki komið aftur, og ekkert vitnanna kvaðst hafa séð hann síðan.

Þessum fimm vitnum bar saman um, að fólksbíllinn hefði verið troðfullur af fólki, en mundu misjafnlega, hve margt fólk var í honum, nefndu tölurnar sjö til níu. Þeim bar saman um, að ákærði Bergur hefði setið í framsæti, en framburður þeirra var nokkuð á reiki um það, hvar hann sat í framsæti, við hlið bílstjóra eða við dyr farþega megin, áður en hann færði sig í bílstjórásætið að öikumanni brott gengnum.

Vitnin kvaðust ekki vita, hvað varð um bíllyklana, nema vitnið Hilmar Viðarsson. Það bar, að bílstjórinn hefði tekið þá með sér.

Vitnið Kristín Kristjánsdóttir kvaðst hafa tekið eftir lögreglubílnum, þegar fólksbíllinn hafði verið stöðvaður. Þá hefðu verið 200-300 m milli bíla. Lögreglubíllinn hefði horfið sjónum vitnisins tvisvar, eftir að það sá hann fyrst. Vitnið Dána Bjarnadóttir bar, að nokkru eftir, að bíll þeirra hefði verið stöðvaður, hefðu þau tekið eftir lögreglubíl fram undan, sem ekið hefði verið í átt að þeirra bíl. Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hve langt hefði verið milli bíla, en það hefðu verið einhver hundruð metra. Vitnið Unnar Þór Gunnarsson kvaðst hafa tekið eftir lögreglubíl einhvern tíma, eftir að bíll þeirra hafði verið stöðvaður, og hann hefði komið á móti þeim. Töluverður spotti hefði verið í hann, en vitnið gat ekki greint frá því nánar. Bíll þeirra hefði verið nýkominn upp úr lægð, er hann var stöðvaður. Vitnisburður Hilmar og Ingibjargar var óglöggur um þessi atriði.

Vitnin voru öll meira eða minna undir áhrifum áfengis, þegar atvik gerðust.

Vettvangsganga.

Dómari fór á vettvang í Öndverðarnesslandi fimmtudaginn 16. janúar sl. ásamt þingvotti og vitnunum Hlöðver Magnússyni og Guðmundi Sigurðssyni. Þá var bókað:

„Staldráð var fyrst við á krossvegamótum á Öndverðarnessafleggjara, en skv. framburði vitna, lögreglumannanna Hlöðvers Magnússonar og Guðmundar Sigurðssonar, voru þeir að koma af vegarslóða að austan (til vinstri, þegar horft er að bænum Öndverðarnesi) og óku inn á Öndverðarnessveg í átt að bænum, þegar þeir mættu bíl þeim, er ákærði var í. Ekið er nú í átt að bænum og stansað þar, sem fyrrgreind vitni segja vera hæðarbrún þá, er bíll ákærða hafi verið stöðvaður á, og er hún skv. stikun viðstaddra tæplega 150 m sunnan við krossvegamótin. Sunnan við hæðarbrúnina er allmikil lægð, en handan hennar hæð rétt norðan bæjar, og skv. vegmæli bílsins eru um 550 m milli hæða.“

Niðurstöður.

Framburður lögreglumannanna tveggja, Hlöðvers Magnússonar og Guðmundar Sigurðssonar, er að verulegu leyti samhljóða um atriði, sem benda til sektar ákærða.

Frásögn ákærða og vitnanna fimm, sem með honum voru í bifreiðinni R-63966, um ökumanninn, sem hvarf á brott og ekkert þeirra veit nein deili á, nema hvað ákærði kvaðst hafa heyrt hann nefndan Palla, þykir dómara vera með ólíkindum.

Vitnisburður þeirra fimm vitna, sem kvaðust hafa verið með ákærða í bifreiðinni, leiðir þó til þess, að óhjákvæmilegt er að telja, að sekt ákærða hafi ekki verið sönnuð, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber svo að gera, þrátt fyrir það að framburður þessara fimm vitna, hvers fyrir sig, þyki dómara ekki sem áreiðanlegastur, þar sem þau voru öll meira eða minna undir áhrifum áfengis, þegar atvik gerðust. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sá annmarki er á frumrannsókn málsins, að lögreglumennirnir tveir, sem afskipti höfðu af ákærða í Öndverðarnesi, höfðu ekki tök á að fá að vita deili á fólki því, sem var með ákærða í bifreiðinni R-63966, né neinum öðrum, sem nærri henni voru. Voru því ekki teknar af því skýrslur af lögreglu.

Eftir úrslitum málsins verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., og þykja þau hæfilega ákveðin 60.000 kr. auk virðisaukaskatts. Ekki standa lög til að dæma dráttarvexti á málflytningsþóknun, svo sem verjandi ákærða hefur krafist.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bergur Þór Rögnvaldsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., 60.000 kr., auk virðisaukaskatts.
